6 SÍÐA — ÞJÓÐVILJINN Miövikudagur 28. júll 1982.

rs aldraðra á Kjarvalsstödum

Handve

hugsun
aldraðs

í vestursal KjarvalsstaOa hanga
komnir af léttasta æviskeiOinu.

uppi f jölmörg málverk alþýöumálara, sem eiga þaö sammerkt, aö hafa gripiO i pensilinn eftir aö þeir voru Ljósmyndir: —eik—

„Oft hefur ellin æskunnar not"
er yfirskrift sýningarinnar, sem
stendur yfir á Kjarvalsstöðum
um þessar mundir — og vel mætti
hugsa sér, að þvi orðtaki yrði
snúið við, og sagt „oft hefur
æskan ellinnar not" — eins og
reyndar er gert framan á sýn-
ingarskránni. Og áreiðanlega á
hvort tveggja jafn vel við. Og þó.
Á timum hraða og tækni er æsk-
unni án efa hollt að staldra litil-
lega við og horfa til þess sem var.
Skoða þann arf, sem fyrri kyn-
slóðir hafa látið eftir sig. Fræðast
um fyrri tima.
Til þess ætti að gefast kjörið
tækifæri á Kjarvalsstöðum, nú
sem oft áður. Þar eru sýndir
munir og málverk eftir aldrað
fólk, látna og lifendur. Sá sem á

ísleifur KonráOsson hcfur fyrir löngu skipao sér ifremstu röölslenskra alþýöulistmálara, og nokkur verka hans hanga einmitt uppi á sýningunni að Kjarvalsstööum.

Æska og elli
að Kjarvalsstöðum
Landssamtökin Lif og Land
gengust fyrir siOdegisvöku sl.
laugardag aO KjarvalsstöOum i
Reykjavfk. Fjólmenni var á vök-
unni og urOu margir aO standa á
gangi og frammi I anddyri.
Yfirskrift vökunnar var
„Skyldleiki æsku og elli" og var
fjallað um efnið frá margvis-
legum hliðum. Dr. theol. Jakob
Jónsson, fyrrum prestur við Hall-
grimskirkju i Reykjavík, flutti
erindi um gagnkvæma hjálpsemi
æskunnar og ellinnar i sambandi
við andleg mál, og ennfremur
hvernig æska og elli geta nálgast
hvor aðra i starfi. Sigurður
Magniisson fyrrum blaðafulltrúi
Loftieiða ræddi um æsku og elli i
breyttum þjóðfélagsháttum.
Fjallað var um bók Cicerós,

mælskusnillings i Róm, sem
heitir „Um ellina". Kjartan
Ragnars hefur þýtt hana og er
hún væntanleg i haust frá Hinu
islenska bókmenntafélagi. Þór-
unn J. Hafstein, lögfræðingur,
flutti skýringar þær, sem Eyj-
ólfur Kolbeins, menntaskóla-
kennari, hefur tekið saman um
bókina og höfund hennar.
Manúela Wiesler lék á flautu,
Sigfús Halldórsson lék á pianó og
Friðbjörn G. Jónsson söng ein-
söng. Þá lék Heiðrún Hreiðars-
dóttir, 8 ára, á fiðlu við undirleik
Hólmfriðar Árnadóttur, sem er 83
ára að aldri. Var góður rómur
gerður að leik þeirra, og greini-
lega vel til fallið af skipuleggj-
endum vökunnar að spila þannig

saman æskunni og ellinni. ast Vökugestir voru á öllum aldri. (Ljósm. ast)